

Fundur 9

Skólaráð Þjórsárskóla

Fundur haldinn miðvikudaginn 29.febrúar 2012 í Þjórsárskóla kl. 17:00.

Mættir eru: Bolette Höeg Koch skólastjóri , Árdís Jónsdóttir og Emilía Jónsdóttir fulltrúar kennara, Bryndís Baldursdóttir fulltrúi starfsmanna, Birkir Þrastarson og Ann Winter fulltrúar foreldra. Leifur Stefánsson boðaði forföll. Fulltrúar nemenda gátu ekki mætt en búið var að bera dagskrána undir þá, þeir samþykktu hana.

Þetta var gert:

Sjálfsmatsskýrsla um skólaakstur. Bolette fór yfir skýrsluna og útskýrði, fram kom að skólabílstjórar mældu fyrir jólin hversu lengi nemendur eyða í skólabílum. Nokkur atriði voru rædd, t.d. stakk fulltrúi foreldra upp á að nemendur skokkuðu út á veg.

Skipulag næsta skólaár. Næsta skólaár verða 4 nemendahópar, 1. og 2. bekkur, 3. og 4. bekkur og 5. og 6. og 7. bekkur út af fyrir sig.

Fulltrúi í undirbúningsnefnd fyrir skólaþing tilnefndur. Kjósa þarf fulltrúa á skólaþing sem ætlunin er að halda í vor. Þetta verður sameiginlegt með okkur og Hrunamönnum og á að marka svipaða skólastefnu . Birkir var valinn í þetta hlutverk.

Heilsueflandi skóli. Emilía sagði frá geðræktinni sem sérstök áhersla var lögð á fyrri hluta skólaársins. Hún taldi nauðsynlegt að halda áfram með það. Á næstunni verður áhersla lögð á tannheilsu, hreinlæti og mataræði. Í þessu sambandi var t.d. rætt um opnunartíma sundlauga.

Mötuneytisgjald. Samþykkt samræmi sé í mötuneytisgjaldi grunn- og leikskóla.

Önnur mál. Skólastjóri greindi frá að samræmdu prófin verða 20. og 21. sept. næsta haust. Sagt frá kynningu Þorláks Helgasonar um Olweus eineltisáætlunina. Talið æskilegt að fara inn í þetta verkefni. Með því myndi skólinn skila sterkari einstaklingum. Fleira var rætt, t.d. lengd skólaársins, frídagar o.fl.

Emilía Jónsdóttir

Birkir Þrastarson

Ann Winter

Árdís Jónsdóttir

Bolette Höeg Koch

Bryndís Baldursdóttir